

ALPÝÐUBLAÐIÐ


RITSTJÓRI: F. R. VALDEMARSSON.

ÚTGEFANDI: ALPÝÐUFLOKKURINN.

XIX. ÁRGANGUR

FRIDJUDAGINN 7. JÚNÍ 1938

129. TÖLUBLAÐ.



1. Við Leifsstyttna. 2. Þátttakendur í stakkasundi. 3. Lagður blómsveigur á leiði óþekta sjómannsins. 4. Bátur aðstoðar í stakkasundinu. 5. Kappróður. 6. Á stakkasundi.

Fyrsti sjómannadagurinn.

Um 10 þús. manns voru viðstaddir hátíðahöldin við Leifsstyttna.

Glæsileg hópganga sjómanna um bæinn.

FYRSTI sjómannadagurinn varð glæsilegur hátíðisdagur, sem hertók borgina — og alla íbúa hennar. Forstöðunefnd sjómannadagsins tókst þrýðilega að skipuleggja starfsemina og fór alt fram eins og ákveðið hafði verið. Er þetta því lofsverðara, þar sem þetta er fyrsta sinn, sem sjómannadagur er haldinn.

Kl. 8 í gærmorgun voru flest eða öll skip, sem lágu í höfn, fánúm skreytt, og á allmörgum flaggstöngum í bænum voru fánar, en þó ótrúlega fáum. Var það - t. d. óviðkunnalegt að verzlanið í Austurstræti og Bankastræti, sem m., a. lífa á sjómannastéttinni, skyldu ekki fagna fylkingum þeirra með fánum, er þær gengu austur Austurstræti.

Við Stýrimannaskólann.

Þegar kl. 12,30 byrjuðu sjómenn að safnast saman við Stýrimannaskólann. Var þeim þar raðað í fylkingar undir fána samtaka sinna. Fremstir komu skipstjórar, síðan stýrimenn, vélstjórar, hásetar, loftskreytamenn, matsveinar og veitingaþjónar o. s. frv. Var þetta geysi stór fylking og myndarleg, djarflegir menn og hraustlegir flestir, og þó nokkrir hrumir sjómenn og bogfirir. Þetta varð

einhver stærsta hópganga, sem fram hefir farið í Reykjavík, og einhver hin bezt skipulagða. Fyrir fylkingunni gekk Guðjón Jónsson sjómaður frá Eyrarbakka og bar íslenskan fána, þá kom Lúðrasveitin og síðan fylkingar sjómanna. Auðvitað varð fylking Sjómannafélags Reykjavíkur langstærst, en síðan kom fylking Sjómannafélags Hafnarfjarðar. Fánar voru mjög margir og flestir forkunnarfragrir.

Fylkingin lagði af stað frá Stýrimannaskólannum kl. 1,20 og gekk Ægisgötu, Túngötu, Aðalstræti, Austurstræti, Bankastræti og Skólavörðustíg. Fylgdi

henni mikill manngrei á gangstéttunum, en félagar úr sjómannafélögum tóku einir þátt í göngunni.

Við Leifsstyttna.

Leifsstyttna hafði verið skreytt með flöggum og umhverfis hana hafði verið afmarkað stórt svæði. Stóðu lögregluþjónar þarna vörð frá því snemma um morguninn. Þar hafði og verið komið fyrir hátölurum.

Löngu áður en fylkingar sjómanna komu að Leifsstyttni hafði safnast þar fyrir mikill mannföldi.

(Frh. á 3. síðu.)

Þrjú umferðaslys í gær

Drengur fær áverka á hnakkann og heilahristing, stúlka fær svöðusár á upphandlegg og kona viðbeinsbrotnar.

ÞRjú umferðaslys urðu hér í gær. 10 ára drengur varð fyrir bil og fékk áverka á hnakkann og heilahristing, kona varð fyrir bil á mótum Ingólfsstrætis og Hverfisgötu og fékk svöðusár á upphandlegg og kona varð fyrir bil á Þingvallaveginum og viðbeinsbrotnaði.

Klukkan 12,40 varð 10 ára drengur, Sigurður Þórðarson úr Hafnarfirði fyrir bifreið nr. 28

á Suðurlandsbrautinni móts við Múla.

Móðir drengsins var þar á gangi með 3 börn sunnan vegarins. Ætlaði hún norður fyrir veginn vegna göturyksins.

Þegar upp á veginn kom hljóp drengurinn frá henni og lentí fyrir bílinn. Féll hann á götuna og var fluttur á Landsspítalann.

Við rannsókn kom í ljós, að drengurinn hafði fengið áverka

(Frh. á 4. síðu.)

Einróma samþykkt gegn sundrungarstarfi Héðins á þingi Alpýðusambands Vestfjarða.

Þinginu var slitið í gærkveldi og hafði staðið í þrjá daga.

ÞINGI Alpýðusambands Vestfirðingafjórðungs, sem staðið hefir á Flateyri undanfarna daga, var slitið kl. 8 í gærkveldi. Hefir þingið setið síðan á laugardag, og hafa helztu viðfangsefni alpýðusamtakanna í landinu verið tekin til meðferðar.

Þingið var sett í samkomu húsinu á Flateyri kl. 1 á laugardaginn af forseta sambandsins, og voru þá mættir rúmlega 20 fulltrúar frá 11 sambandsfélögum, en nokkur gátu ekki sent fulltrúa vegna óhentugra skipaferða. Gestir á þinginu voru forseti Alpýðusambands Íslands, Stefán Jóh. Stefánsson, og Jónas Guðmundsson.

Um leið og þingið var sett, mintist forseti Jóns Baldvinssonar í ræðu, og risu fulltrúar úr sætum sínum til minningar um hann. Einnig mintist hann Eiríks Finnbogasonar frá Ísafirði, sem átti sæti í stjórn sambandsins, en látist hafði síðan síðasta þing var haldið. Vottuðu fulltrúarnir minningu hans sömu leiðis virðingu sína.

Forseti þingsins var kosinn Hjörtur Hjálmarsson, Flateyri, en ritari Helgi Hannesson, Ísafirði. Stefán Jóh. Stefánsson flutti þinginu kveðju frá Alpýðusambandi Íslands.

Gegn sundrungarstarfinu.

Voru nú kosnar fastar nefndir, en síðan flutti Stefán Jóh. Stefánsson erindi um Alpýðuflokkinn og störf hans, og dvaldi hann nokkuð við þau deilumál, sem upp hafa komið í flokknum á síðustu tímum. Allmiklar umræður urðu um málið, og tóku allir í sama streng um það, að nauðsynlegt væri að vernda flokkinn gegn slíkum uppreisnartilraunum, sem átt hafa sér stað undanfarið, og efla hann til nýrrar sóknar. Var málinu síðan vísað til nefndar og skilaði hún álit í gær. Var í einu hljóði á þingfundi í gær samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Með hliðsjón af samþykktum síðasta þings Alpýðusambands Íslands annars vegar og framkomu Héðins Valdimarssonar þá og síðar hins vegar, telur 7. þing Alpýðusambands Vestfirðingafjórðungs gerðir meirihluta sambandsstjórnar í deilum þeim, sem verið hafa innan Alpýðuflokksins, réttmætar og sjálfsagðar. Jafnframt því sem þingið vítir harðlega sundrungarstarfsemi Héðins Valdimarssonar og fylgismanna hans, skorar þingið á öll félög innan Alpýðusambands Íslands að fylkja sér fast um það að styrkja og skipuleggja Alpýðuflokkinn og láta ekki einræðis-



Fulltrúarnir á Alpýðusambandsþingi Vestfjarða.

hneigð einstakra manna veikja hagsmunasamtök alpýðunnar í landinu.“

Á laugardaginn fluttu Jónas Guðmundsson og St. J. St. einnig erindi um frumvarpið um stéttarfélag og vinnudeilur og svöruðu fyrirspurnum. Var því máli einnig að loknum umræðum vísað til nefndar.

Fyrrihluta hvítasunnudags störfuðu nefndir, en fundur hófst síðan kl. 5. Var þá rætt um stjórnmalaviðhorfið, skipu-

lag Alpýðusambandsins og ýms önnur mál.

Stjórnmalaviðhorfið.

Önnur merkasta samþykkt þingsins, auk þeirrar, sem áður getur, var um stjórnmalaviðhorf alpýðunnar, og er hún á þessa leið:

„7. þing Alpýðusambands Vestfirðingafjórðungs telur, að

(Frh. á 4. síðu.)

Í sumri og sól uppi á Snæfellsnesjökli.

Um 120 manns fóru með Ferðafélaginu á Snæfellsnes um helgina

FERÐAFÉLAGIÐ fór í skemmtiferð á Snæfellsnes núna um hátíðina. Þátttakendur voru um 120 og gengu um 100 þeirra á Snæfellsnesjökul á hvítasunnudag og höfðu um 70 þeirra skíði með sér. Fararstjóri var Kristján Ó. Skagfjörð.

Lagt var af stað héðan á laugardagskvöld kl. 7.15 með Eldborginni. Veður var ágætt og gott í sjóinn og var komið til Stapa kl. rúmlega 2 um nóttina.

Kl. rúmlega 3 voru allir komnir þar í land og fóru þá flestir að tjalda, en fáeinir lögðu af stað upp á jökul, enda var veður hið fegursta og morgunsólin farin að gylla topp jökulsins.

Flestir lögðust þó til hvíldar og sváfu tvo til þrjá klukkutíma og lögðu því næst af stað upp á jökulinn.

Nokkrir urðu eftir, sem ekki gengu á jökulinn, en gengu í þess stað um nágrennið og skoðuðu sig um.

Sumir gengu að svokölluðum Sönghelli, sem er á bak við Stapafell. Er það einkennilegur móbergshellir um 15 fet á hæð og tekur vel undir í honum, ef sungið er. Hafa margir krotað fangamark sitt í móbergið og ártalið og mánaðardaginn, þeg-

(Frh. á 4. síðu.)

Loftárás á fransk-landamærabæ!

Óþekktar flugvélar frá Spáni fljúga yfir spönsk-frönskum landamærin og varpa niður 180-200 punda sprengjum

LONDON í gærkveldi. FÚ. I GÆR flugu níu flugvélar yfir spönsk-frönskum landamærin og köstuðu niður 180-200 punda sprengjum Frakklands megin við þau, sem öllu miklu tjóni.

Í dag flaug óþekt flugvél aftur yfir landamærin og inn yfir Frakkland. Kastaði hún engri sprengju, en skothríf var þó hafin á hana frá frönskum loftvarnabyssum, án þess að vitað sé, hvort hún varð fyrir skoti.

Atburðir þessir hafa vakið miklar æsingar á Frakklandi, og er Daladier forsetisráðherra, ásamt hermálaráðunaut sínum, lagður af stað til staðarins, sem fyrir árasinni varð.